

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Bygginga- og skipulagsfulltrúi
Hafnarbraut 27
780
Höfn í Hornafirði



Reykjavík 2. mars 2015
UST201502-556/K.S.J.

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi flugvallar í landi Skaftafells 2 í Freysnesi, Austur-Skaftafellssýslu.

Vísað er til erindis bygginga- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi flugvallar í landi Skaftafells 2 í Freysnesi, Austur-Skaftafellssýslu.

Staðhættir


Í lýsingu kemur fram að svæðið sem ofangreind deiliskipulagstillaga nær til er alls 1449911 m² af óbyggðu svæði úr landi Skaftafells 2. Einnig kemur fram að svæðið liggur sunnan Þjóðveggar 1 og liggur rétt vestan við Skaftafellsá, og að þar hefur verið flugvöllur frá árinu 1984.


Ásýnd svæðisins

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað verði að litavali framkvæmda þannig að þær falli vel að umhverfinu. Einnig telur stofnunin mikilvægt að forðast neikvæð sjónræn áhrif á þessu mikla ferðamannasvæði t.d. með því að átla byggingar á tilteknum svæðum en dreifa þeim ekki út um svæðið.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að forðast allt óþarfa rask við framkvæmdir til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur